



Sjávarútvegsráðuneytið  
Hinrik Greipsson  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík

Sjávarútvegsráðuneyti	
Málsnr.	2007-07-0059
Mótta.	27.12.07
Ábm.:	HG
Eðli afgr.:	Ferg..
Afgreiðsla:	<input type="checkbox"/>
Álit:	<input type="checkbox"/>
Ljósrit til: _____	
Ferð: _____	

Stykkishólmi, 21. desember 2007

**Varðar: Byggðakvóta Stykkishólmsbæjar fiskveiðíárið 2006/2007.**

Vísað er í bréf sjávarútvegsráðuneytisins dags. 14.12.2007 þar sem Stykkishólmsbæ er gefinn kostur á að gera tillögu að nýjum reglum þar sem ráðuneytið hefur í hyggju að fella úr gildi reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í Stykkishólmi fyrir fiskveiðíárið 2006/2007.

Á fundi bæjarstjórnar þann 20.12 sl. var eftirfarandi tillaga samþykkt.

Í bréfi sjávarútvegsráðuneytis dagsettu þann 14. desember 2007 er tilkynnt það mat ráðuneytisins að hæfisreglum 19. gr. sveitarstjórnarlaga hafi ekki verið framfylgt við gerð tillagna um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í sveitarféluginu. Ekki er lagður dómur á skilyrðin fyrir úthlutun byggðakvótans, enda þær reglur settar af ráðuneytinu sjálfu að tillögu bæjarstjórnar. Ráðuneytið hefur í hyggju að fella reglurnar úr gildi vegna ætlaðs vanhæfis eins bæjarfulltrúa, en gefur bæjarstjórn kost á að gera tillögur að nýjum reglum um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hefur ekki efast um hæfi Elísabetar Láru Björgvinsdóttur til að fjalla um svo almennt mál sem tillögur að sérstöku skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta er. Á engan hátt verður sýnt fram á að hlutdeild hennar í atkvæðagreiðslu málsins hafi verið byggð á öðrum sjónarmiðum en þeim sem snerta byggðalagið í heild sinni og því að byggðakvótanum er úthlutað sbr. 4. gr. B. reglugerðar nr. 440/2007, þ.e. úthlutun vegna samdráttar í vinnslu á skel. Tillagan að sérstöku skilyrði fyrir úthlutuninni tekur mið af því og því er lagt til að þeir aðilar sem orðið hafa fyrir þessum samdrætti verði úthlutað hlutdeild í byggðakvótanum en það eru bátar þeirra útgerða sem eiga aflahlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði þann 1. september 2006 og stunduðu skelveisðar í Breiðafirði á tveimur síðustu skelvertíðum og aðilar sem keypt hafa báta eða útgerðir sem orðið hafa fyrir þessum samdrætti og stunduðu skelveisðar í


Breiðafirði á tveimur síðustu skelvertíðum. Byggðakvóta verði úthlutað í hlutfalli við aflahlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði þann 1.9. 2006.

Tillaga bæjarstjórnar Stykkishólmsbæjar dags. 20.12.2007 að reglum um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í Stykkishólmi fyrir fiskveiðiárið 2006/2007 er því þannig:

Byggðakvótanum er úthlutað sbr. 4. gr. B. reglugerðar nr. 440/2007, þ.e. úthlutun vegna samdráttar í vinnslu á skel. Einungis þeir aðilar sem orðið hafa fyrir þessum samdrætti verði úthlutað hlutdeild í byggðakvótanum. Það eru bátar þeirra útgerða sem eiga aflahlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði þann 1. september 2006 og stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu skelvertíðum og aðilar sem keypt hafa búta eða útgerðir sem orðið hafa fyrir þessum samdrætti og stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu skelvertíðum. Byggðakvóta verði úthlutað í hlutfalli við aflahlutdeild í hörpuskel í Breiðafirði þann 1.9. 2006.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,



Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri.